

Alþingi
Erindi nr. P 139/1210
komudagur 3. 11. 2010

Félags- og tryggingamálanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 3. nóvember 2010
Tilv.: FEL10110014/0012

Texti:

Vísað er til tölvubréfs félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 26. október 2010, þar sem óskað er umsagnar félags- og tryggingamálaráðuneytisins á drögum að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 101/2010, um greiðsluaðlögun einstaklinga, lögum nr. 21/1991, um gjaldprotaskipti o.fl. og lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Ráðuneytið telur mikilvægt að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum verði lögfestar sem fyrst, til að tryggt sé að afgreiðsla greiðsluaðlögunarmála gangi hratt og örugglega fyrir sig.

Ráðuneytið vill þó benda á eftirfarandi atriði, sem e.t.v. þarfnast frekari skoðunar.

I. 6. gr. frumvarpsdraganna.

Í 6. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að lögfest verði heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um starfsemi umsjónarmanna. Í greinargerð með ákvæðinu segir að í 34. gr. laga nr. 101/2010 sé kveðið á um að umboðsmaður skuldara setji verklagsreglur um framkvæmd greiðsluaðlögunar, sem ráðherra staðfesti og birtar skuli opinberlega. Segir að verklagsreglunum sé ætlað að varða starfsemi umsjónarmanna og tryggja samræmi í framkvæmd greiðsluaðlögunarumleitana. Þá segir í greinargerðinni að til að markmið ákvæðisins um samræmi í meðferð greiðsluaðlögunarmála hjá umsjónarmönnum náist sé talið nauðsynlegt að sett verði reglugerð um starfsemi umsjónarmanna.

Ráðuneytið telur ekki skýrt hvort að reglugerð um starfsemi umsjónarmanna er ætlað að koma í stað verklagsreglna um framkvæmd greiðsluaðlögunar eða hvort að verklagsreglunum sé ætlað að standa áfram. Æskilegt væri að þetta kæmi skýrt fram í frumvarpsdrögunum.

I. 7. gr. frumvarpsdraganna

Í 7. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að í f-lið 1. mgr. 11. gr. laga nr. 101/2010 verði kveðið á um að lánardrottnum verði óheimilt, eftir að tímabundin frestun greiðslna hefst, að krefjast greiðslu hjá ábyrgðarmanni skuldarans eða framkvæma gegn ábyrgðarmanni aðgerðir sem falla undir a- til e-lið málgreinarinnar. Ráðuneytið telur að rétt sé að skoða hvort að það sé ekki óþarft að vísa í alla tölulíði málgreinarinnar heldur orða f-lið 1. mgr. frekar þannig að þar verði kveðið á um að lánardrottnum verði óheimilt að krefjast greiðslu hjá ábyrgðarmanni skuldarans eða ráðast í neins konar aðgerðir til innheimtu kröfu.

Fyrir hönd ráðherra

Bolli Þór Bollason

Björn Þór Hermannsson